

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á
Norðurlandi eystra
Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri
Garðarsbraut 5
640 Húsavík



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsögötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 18. maí 2022
Tilv.: MRN22050001/2.2.5.2

Efni: Óskað tilnefninga í skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga fyrir tímabilið 2022- 2026

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Menntaskólann á Tröllaskaga lýkur 11. júní nk. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Menntaskólans á Tröllaskaga.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir af hvoru kyni.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en **5. júní** nk. Vinsamlegast látið **kennitölu, heimilisfang og netfang** tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **mrn@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra

Íva Sigrún Björnsdóttir

Ásta María Reynisdóttir

